

# Stjórnarfundur STÍ 1.11.2024

Mætt eru Halldór, Guðmundur, Jórunn, Sigurður, Heiða Lára og Magnús

Fundur hefst kl. 12

Fundardagsskrá

1. Reglur um val á keppendum á alþjóðleg mót. Þessi drög lögð fyrir fundinn.
  - a. “Þegar íþróttamenn óska eftir því að keppa á erlendum skotmótum ( heims og evrópumótum) styrkir STÍ allt að þremur íþróttamönnum sem ná lágmarksárangri um mótagjöld.
  - b. STÍ styrkir ekki íþróttamenn fjárhagslega á opin mót (Grand Prix) eða önnur mót sem ekki flokkast sem heimsmeistara, evrópumeistaramót eða landamót og er ekki haldið af alþjóða eða landasambandi sem STÍ er aðili að.
  - c. Við val í A – lið (3 íþróttamenn) er árangur á mótum síðustu tveggja keppnistímabila metinn ( Þó ekki lengra aftur en til síðasta heims og/eða evrópumóts), bæði innanlands sem eru á mótaskrá STÍ og á heims og evrópumótum, og svo opnum erlendum mótum sem viðurkennd eru til meta og árangurs.
  - d. STÍ getur séð um skráningar á mót fyrir aðra íþróttamenn sem kjósa að skrá sig svo framarlega að það sé sæti laust á mótinu og að mótshaldari geri ekki kröfu um lágmarksárangur. Farið verður eftir árangurslista við það val með sama hætti og ofan greinir. STÍ getur gefið út lágmarksárangur til að fá að keppa á heims og evrópumótum.
  - e. Afreksstjóri STÍ ákveður uppröðun A-liðs en í það raðast eftir árangri eins og ofan greinir
  - f. Sé íþróttamaður á móti sem náð hefur lágmarkarángri einn eða fleiri má A-liðið vera skilgreint sem landslið.
  - g. Þessar bókun á ekki við um afreksstyrki ÍSÍ til einstaka íþróttamanna sem eru á afreksskrá ÍSÍ/STÍ

Lagt til að textinn verði hreinskrifaður og lagður fram til samþykktar á næsta stjórnarfundu.

2. Kostnaðar áætlunir fyrir nefnd bæjarfélaga.
  - a. Jórunn fer yfir verkið. Voru forsvarsmenn STÍ og Skotvís að taka saman sameiginlega um þann búnað sem er til fyrir í Álfsnesi. Rætt um 50m braut, með a.m.k. 10 brautum fyrir 50 metra og aðstöðu á húsi. Rætt um hvaða þarf að gera fyrir manir. Óskað var eftir kostnaðarmati fyrir það. Hins vegar að taka saman hvað kostar að byggja upp sameiginlega skotmiðstöð fyrir aðra/fleiri félög með öllu. Rætt um hvernig standa skuli að kostnaðarmati en mjög stuttur tími til að skila því. Halldór mun skila drögum til Jórunnar fyrir mánudag um almenna þarfir og grófa kostnaðaráætlun.